

Ár 2007, föstudaginn 6. júlí, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Ofanleiti 2, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 13/2005:
Kjartan Ragnars hrl.
f.h. Sony Computer
Entertainment Inc.
gegn
Einkaleyfastofunni,
vegna ákvörðunar hennar frá
15. júní 2005
um að skráningu alþjóðlegs
vörumerkis nr. 822 451,
UNIVERSAL MEDIA DISC,
skuli hafnað.

Kveðinn var upp svofelldur

ú r s k u r ð u r:

Deilt er um hvort orðmerki áfrýjanda UNIVERSAL MEDIA DISC samkvæmt alþjóðlegri skráningu nr. 822 451 skorti sérkenni fyrir tiltekna vörur í flokki 9 og sé því ekki skráningarhæft fyrir þær vörur með hliðsjón af 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

Með vísan til rökstuðnings Einkaleyfastofunnar í bréfum til áfrýjanda, dags. 8. apríl 2004 og 15. júní 2005, er ákvörðun stofnunarinnar um að merkið sé ekki skráningarhæft fyrir umdeildar vörur í flokki 9, staðfest.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 15. júní 2005, um að alþjóðleg skráning nr. 822 451 UNIVERSAL MEDIA DISC (orðmerki) skuli felld úr gildi fyrir “blank record disks; CD-ROMs and other memory medium recorded programs for hand-held games with liquid crystal displays; compact discs; automatic performance programs for electronic musical instruments recorded on electronic circuits and CD-ROMs; recorded DVD-ROM; recorded video discs” er staðfest.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Sigurður R. Arnalds hrl. og Steingrímur Gautur Kristjánsson hrl.

Málavextir:

Með tilkynningu frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), dags. 6. maí 2004, var Einkaleyfastofunni (ELS) tilkynnt að vörumerkið UNIVERSAL MEDIA DISC (orðmerki), í eigu áfrýjanda, óskaðist skráð á Íslandi fyrir nánar tilgreinar vörur í flokkum 9 og 28.¹ Með bréfi, dags. 12. júlí 2004, tilkynnti ELS WIPO að skráningu vörumerkisins væri synjað hér á landi á grundvelli 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997 (vml.), þar sem það þætti lýsandi fyrir þær vörur sem óskað væri skráningar fyrir.

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2004, andmælti umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun stofnunarinnar frá 12. júlí. Þar var þess krafist að hin alþjóðlega skráning héldi gildi sínu hér á landi og að merkið yrði skráð og birt. Samkvæmt skráningarskírteini WIPO óskaðist merkið skráð fyrir ýmsar vörur í flokkum 9 og 28. Vörutegundirnar skiptu hundruðum og væru allra handa vörur. Þá sagði í bréfi áfrýjanda:

Vörumerkið samanstendur af þremur orðum, sem öll eru þekkt og algeng í enskri tungu, UNIVERSAL MEDIA DISC, sem í íslenskri þýðingu mundi útleggjast alheimsmiðlunardiskur. Umsækjandi telur að vörumerkið, virt heildstætt, sé nægjanlega sérkennandi í skilningi vörumerkjaréttar. Við mat á því hvort vörumerki er lýsandi ber ekki að leysa upp merkið í einstaka þætti, heldur ber að virða merkið í heild, í þessu tilviki orðin þrjú saman. Engin sérstök merking verður lesin úr orðunum UNIVERSAL MEDIA DISC þar sem orðið “universal” gerir orðasambandið merkingarlaust. Minnt skal á að orðið “universal” táknar “alheims-“, ekki eingöngu jarðarkringluna, sbr. hins vegar orðið “global”. Þetta orð – universal – veldur því að vörumerkið sem heild er aðgreinandi og sérkennilegt í skilningi vörumerkjaréttar.

Þó að orðin “media disc” eða “miðlunardiskur” yrðu væntanlega talin leiðandi eða jafnvel lýsandi fyrir margmiðlunardiska eins og CD-ROM diska og DVD-diska, er ekki þar með sagt að orðin “universal media disc” yrðu talin leiðandi eða lýsandi. Þegar orðin þrjú eru virt í samhengi, og þá sérstaklega orðið “universal”, sem er fyrirferðarmesti þáttur vörumerkisins, hlýtur niðurstaðan að verða sú að vörumerkið er skráningarhæft, þ. á m. fyrir til dæmis margmiðlunardiska.

Síðan nefndi áfrýjandi alþjóðlega vörumerkjaskráningu nr. 710854, MAXIMUM DIGITAL TECHNOLOGY sem dæmi um að vörumerki sem samanstæðu af þremur algengum orðum væru skráð, en það væri skráð án takmörkunar fyrir vörur í flokki 9.

¹ Vörulistinn er ekki til á íslensku en er meðfylgjandi á ensku sem fylgiskjal 1:

Áfrýjandi teldi aðgreiningareiginleika hins áfrýjaða merkis mun meiri en t.d. þess merkis. Þá tók áfrýjandi til umfjöllunar þau sjónarmið sem ættu að ráða ferðinni við mat á því hvort vörumerki væri lýsandi. Hann taldi að þar sem skilyrði um að orðið/orðin væru sérstakrar merkingar, og þá hvort sú merking væri lýsandi fyrir þær vörur eða þjónustu sem merkið óskaðist skráð fyrir, væri ekki uppfyllt í því tilviki sem hér er til úrlausnar, þyrfti ekki að leysa úr hvort önnur skilyrði væru uppfyllt, þ.e. hvort líklegt væri að neytandi vörunnar liti á vörumerkið sem auðkenni á uppruna vörunnar eða sem almenna lýsingu á henni og hvort nauðsynlegt væri að öðrum fyrirtækjum væri heimil notkun orðsins/orðanna í því skyni að auglýsa vörur sínar. Hins vegar myndi venjulegur neytandi líta á orðin sem auðkenni á uppruna vöru, ekki sem almenna lýsingu hennar. Þá væri engin þörf á að tryggja öðrum fyrirtækjum rétt á að nota þessi sérstöku orð í markaðsstarfi sínu fyrir sambærilegar vörur í flokkum 9 og 28. Síðan vísaði áfrýjandi í fylgiskjöl með bréfi sínu og sagði:

Á fskj. nr. 16 er kynning á margmiðlunardiskum sem umsækjandi selur með vörumerkinu UNIVERSAL MEDIA DISC og einnig með vörumerkinu UDV, sem er skammstöfun á UNIVERSAL MEDIA DISC. Það vörumerki er þegar skráð hér á landi samkvæmt alþjóðlegri skráningu nr. 822450 og er umsækjandi einnig eigandi þeirrar skráningar [...], Þessi tvö vörumerki eru þegar orðin vel þekkt í heiminum og þá einnig hér á landi, enda eru merkin auglýst og vörur með þeim seldar í tengslum við hin heimsþekktu merki PS2 og PLAYSTATION og fleiri merki sem umsækjandi er eigandi að. [...]Hinn venjulegi neytandi veit nú þegar að orðin UNIVERSAL MEDIA DISC eru auðkenni á uppruna vöru, eins og skammstöfunin UDV. Það er sjálfstæð málsástæða [áfrýjanda] í máli þessu að vörumerki samkvæmt alþjóðlegri skráningu nr. 822451 sé orðið svo vel þekkt hér á landi og almennt í heiminum að merkið hafi öðlast nægileg sérkenni í skilningi vörumerkjaréttar. Um þessa frægð merkisins má fræðast á netinu. Þessari röksemd umsækjanda þarf þó ekki að leysa úr ef fallist er á það sem umsækjandi hefur fært fram um skráningarháefni vörumerkisins sem heildar eða orðanna UNIVERSAL MEDIA DISC sem slíkra.

Áfrýjandi tók loks fram að hið umdeilda merki gæti einungis talist lýsandi fyrir örfáar vörutegundir sem taldar væru upp í flokki 9, og því væri óheimilt að synja um skráningu þess nema fyrir þær. ELS hefði hins vegar synjað merkinu skráningar fyrir allar vörur í flokkum 9 og 28 og því væri andmælt sérstaklega.

Með bréfi, dags. 8. apríl 2004, svaraði ELS ofangreindu bréfi áfrýjanda. Þar sagði að það væri mat ELS að hið áfrýjaða merki væri almenns eðlis og lýsandi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml., fyrir eiginleika eftirfarandi vara: *blank record disks; CD-ROMs and other memory medium recorded programs for hand-held games with liquid crystal displays; compact discs; automatic performance programs for electronic musical instruments recorded on electronic circuits and CD-ROMs; recorded DVD-ROM;*

recorded video discs í flokki 9. Orðasambandið gæfi til kynna almenna lýsingu á eiginleikum miðlunardiska og það mætti skilja þannig að um væri að ræða margmiðlunardisk sem hægt væri að spila um gjörvalla heim eða diskurinn höfðaði til allra í heiminum. Að mati ELS veitti það merkinu ekki sérkenni að orðið UNIVERSAL kæmi þar fyrir en ekki t.d. global þar sem algengt væri að orðið UNIVERSAL væri notað af ýmsum framleiðendum og atvinnurekendum til að lýsa framangreindum eiginleikum. Ekki væri talið réttmætt að takmarka svigrúm annarra til notkunar á slíku orðasambandi fyrir ofangreindar vörur í flokki 9. Þá benti ELS á að skráningaryfirvöld tækju ákvarðanir um skráningu merkja í samræmi við lög og reglur þess ríkis og aðstæðum að öðru leyti í hverju máli fyrir sig. Hvaða forsendur hefðu legið fyrir skráningu merkisins í þeim löndum væri ELS ókunnugt. ELS benti einnig á að merkið MAXIMUM DIGITAL TECHNOLOGY væri orð- og myndmerki og önnur sjónarmið giltu um skráningarhæfni slíkra merkja. Í því tilviki væri það heildarmynd merkisins sem nyti verndar og ELS teldi það því ekki sambærilegt hinu áfrýjaða merki. ELS tilkynnti síðan að stofnunin hefði endurskoðað afstöðu sína og teldi að merkið væri ekki lýsandi fyrir vörur í flokki 28 eða aðrar vörur í flokki 9 að undanskildum þeim sem taldar hefðu verið upp fyrir í bréfinu.

Með bréfi, dags. 8. júní 2005, tilkynnti áfrýjandi að hann gæti ekki fallist á þá takmörkun sem ELS hefði lagt til. Hann gæti hins vegar fallist á að orðin "media disc" væru undanskilin vörumerkjavernd berum orðum þannig að verndin væri þá eingöngu fyrir orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC í heild sinni. Hann teldi að með þessari takmörkun væri skráningarhindrunum, ef einhverjar væru, rutt úr vegi.

Með bréfi, dags. 15. júní 2005, tilkynnti ELS að hún teldi það ekki breyta skráningarhæfni hins áfrýjaða merkis ef orðin "media disc" væru undanskilin vörumerkjavernd berum orðum. Orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC væri samt sem áður almenns eðlis og lýsandi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml. fyrir eiginleika þeirra vara sem skráningu hefði verið hafnað fyrir. Orðasambandið væri til þess fallið að valda þeim hughrifum hjá neytendum að um væri að ræða margmiðlunardisk sem hægt væri að spila um gjörvalla heim eða að hann höfðaði til allra í heiminum. Það að orðin "media disc" væru undanskilin vernd breytti ekki þeim hughrifum. Þá veitti það merkinu ekki sérkenni að það innihéldi orðið UNIVERSAL þar sem algengt væri

að orðið væri notað af ýmsum framleiðendum og atvinnurekendum í sömu merkingu. Ekki væri talið réttmætt að takmarka svigrúm annarra til notkunar á slíku orðasambandi fyrir ofangreindar vörur í flokki 9. Þá hefði merkið UDV sérkenni að mati ELS, enda væri það allt annað merki og ekki þekkt sem stytting skv. orðabókum fyrir UNIVERSAL MEDIA DISC. ELS vísaði síðan til 2. mgr. 13. gr. vml. og benti á að stofnunin teldi það ekki nægjanlegt að vísa í tilteknar erlendar heimasíður þar sem minnst væri á merkið til að annars sérkennalaust merki yrði skráð með vísan til 2. mgr. 13. gr. vml. Skráningin var því felld úr gildi fyrir áðurgreindar vörur í flokki 9, en skráð fyrir aðrar tilgreindar vörur í flokki 9 og 28.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 2005, áfrýjaði áfrýjandi ofangreindri ákvörðun ELS. Með bréfi, dags. 2. mars 2006, barst greinargerð áfrýjanda. Þar krafðist hann þess aðallega að hinni áfrýjuðu ákvörðun yrði hrundið og breytt á þá leið, að alþjóðleg vörumerkisskráning áfrýjanda nr. 822451, orðmerkið UNIVERSAL MEDIA DISC, héldi gildi sínu á Íslandi án takmörkunar á vörulista og að vörumerkið yrði skráð og birt; en til vara, að vörumerkið yrði skráð með þeirri takmörkun, að orðin MEDIA DISC yrðu undanskilin vörumerkjavernd, sbr. 15 gr. laga nr. 45 1997, einkum 2. mgr. Þá sagði í greinargerð áfrýjanda:

Vörumerki sóknaraðila samanstendur af þremur orðum. Enda þótt orð þessi séu öll þekkt í enskri tungu, er orðasambandið “universal media disc” ekki lýsandi í skilningi vörumerkjaréttar, enda er orðasambandið búið til af sóknaraðila. Orðasambandið var algerlega óþekkt, áður en sóknaraðili ákvað að nota það til að auðkenna hinar heimsfrægu vörur sínar fyrir tölvuleiki og leikjatölvur með hinum heimsfrægu vörumerkjum UMD, sem er skammstöfun fyrir UNIVERSAL MEDIA DISC, og PS2 o. fl. heimsfræg vörumerki og vörur. Útlistanir í bréfi Einkaleyfastofu, dags. 15. júní, að “um sé að ræða margmiðlunardisk sem hægt sé að spila um gjörvallan heim eða að diskurinn höfði til allra í heiminum” eru illskiljanlegar og þýðingarlausar að vörumerkjarétti. Engum dytti væntanlega í hug að framleiða margmiðlunardiska, – og því síður að auðkenna þá í samræmi við það, – sem aðeins mætti spila á tilteknum, afmörkuðum svæðum jarðarkringlunnar eða sem ekki höfðuðu til sem flestra, helst allra. Spurningin er eingöngu þessi: Verður einhver merking lesin úr orðasambandinu UNIVERSAL MEDIA DISC sem heild, sem er lýsandi fyrir þær vörur, sem eftir standa á listanum, sem Einkaleyfastofa telur, að undanskilja verði vörumerkjavernd? Þeirri spurningu verður að svara neitandi. Engin merking felst í þessum orðum sem heild, ekki fremur en til dæmis orðunum “local media disc” eða “regional media disc” eða jafnvel “global media disc”. Þess ber vel að gæta, að orðið “universal” er margslungið og ýmissa merkinga. Ein merkingin er sem kunnugt er “alheims-”, og er það eina merking orðsins, að því er virðist, sem Einkaleyfastofa vill kannast við. Eins og sést á útskriftum á fskj. nr. 4 og 5, úr Random House Webster’s Unabridged Dictionary og Shorter Oxford English Dictionary, er merking orðsins “universal” hins vegar mjög víðtæk og margslungin. Umsækjandi staðhæfir, að merking orðsins sé allt of óljós og allt of óákveðin, til þess að orðið geti verið merkingarfræðilegur grundvöllur fyrir synjun um skráningu vörumerkisins UNIVERSAL MEDIA DISC vegna lýsandi eiginleika þessa orðs. Orðið er notað í vörumerkinu, þar sem það ljáir vörumerkinu ákveðna stöðu og ákveðinn virðuleika, en ekki til þess að lýsa eiginleikum vörunnar,

sem merkið óskast skráð fyrir. Ef ætlunin hefði verið að lýsa eiginleikum varanna, hefðu önnur orð verið notuð. Vörumerkið er þegar orðið þekkt, eins og aðrar vörur sóknaraðila. Ekkert er eðlilegra en að sóknaraðili freisti þess að skrá vörumerkið til þess að varna því, að aðrir noti og skrái þetta verðmæta vörumerki. Er það sjálfstæð málsástæða sóknaraðila, eins og fram kemur í sóknarskjölum hans fyrir Einkaleyfastofu, að merkið sé nægilega sérkennandi samkvæmt vörumerkjarétti vegna frægðarinnar einnar.

Þá sagði í greinargerð áfrýjanda að samkvæmt íslenskum vörumerkjarétti og vörumerkjarétti þjóða sem Íslendingar bæru sig saman við væri löngu viðurkennd sú regla við mat á skráningarhæfi vörumerkja að virða bæri vörumerkið í heild sinni. Þess vegna væri óheimilt að leysa vörumerkið í upp einstaka þætti eins og ELS hefði gert og úrskurða merkið lýsandi með vísan til þess, að einstakir þættir þess væru lýsandi eða einstök orð ákveðinnar merkingar. Síðan sagði í greinargerð áfrýjanda:

Við mat á skráningarhæfi vörumerkis ber að vega og meta vörumerkið í heild, ekki einstaka þætti þess. Jafnvel þótt vörumerkið UNIVERSAL MEDIA DISC sé sett saman úr þremur algengum orðum, verður það merkingarlaust samsett. A. m. k. er öruggt, að orðin eru ekki lýsandi fyrir allar þær margvíslegu og ólíku vörur, sem upp eru taldar í vörulýsingu í flokkum nr. 9 og 28, og þá ekki margmiðlunardiska. Venjulegast eiga eftirfarandi sjónarmið að vega þyngst, þegar metið er, hvort orð séu lýsandi sem vörumerki:

- 1) Er orðið/orðin sérstakrar merkingar? Ef svo er, er sú merking lýsandi fyrir þær vörur eða þjónustu, sem vörumerkið óskast skráð fyrir?
- 2) Er líklegt, að neytandi vörunnar líti á vörumerkið sem auðkenni á uppruna vörunnar eða sem almenna lýsingu á vörunni?
- 3) Er nauðsynlegt, að öðrum fyrirtækjum sé heimil notkun orðsins/orðanna í því skyni að auglýsa vörur sínar?

Umsækjandi telur, að þar sem skilyrði í 1. tl. sé ekki uppfyllt fyrir vörumerkið UNIVERSAL MEDIA DISC, þurfi ekki að leysa úr, hvort skilyrði í 2. og 3. tl. séu uppfyllt. Hins vegar er líklegast og næsta víst, að venjulegur neytandi líti á orðin sem auðkenni á uppruna vöru, ekki sem almenna lýsingu hennar. Þá er engin þörf á að tryggja öðrum fyrirtækjum rétt á að nota þessi sérstöku orð í markaðsstarfi sínu fyrir sambærilegar vörur í flokkum nr. 9 og 28. Aðrir geta hins vegar framvegis sem hingað til notað orðið “universal” samkvæmt takmörkunum vörumerkjaréttar til að auðkenna vörur, en hins vegar ekki með orðunum “media disc”.

Þá vakti áfrýjandi athygli á skráningu nr. 329/1996, dags. 28.03.1996, sem væri orðmerkið UNIVERSAL STUDIOS ENTERTAINMENT. Það lægi því fyrir að ELS teldi orðið “universal” ekki óskráningarhæft, en stofnunin hefði ekki rökstutt, hvers vegna gagnstæð sjónarmið ættu að gilda fyrir vörumerkið UNIVERSAL MEDIA DISC. Þetta væri verulegur galli á ákvörðun stofnunarinnar. Loks kvaðst áfrýjandi reiðubúinn að sæta takmörkun að vörumerkjarétti á einkarétti til orðanna “media disc” í vörumerkinu. Vörumerkjaverndin yrði samkvæmt þessu eingöngu fyrir orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC í heild sinni. Hann teldi að með þessari takmörkun væri skráningarhindrunum, ef einhverjar eru, rutt úr vegi í eitt skipti fyrir

öll. Bæri því að taka til greina varakröfu hans og leggja fyrir ELS að skrá vörumerkið með þessari takmörkun, ef ekki verður fallist á aðalkröfu.

Greinargerð ELS barst með bréfi, dags. 7. maí 2006. Þar vísaði stofnunin til 1. mgr. 13. gr. vml. og sagði að enska orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC mætti þýða á íslensku sem “alheimsmargmiðlunardisk” eða skilja sem svo að um væri að ræða margmiðlunardisk sem hægt væri að spila hvar sem í heiminum. Orðmerkið UNIVERSAL MEDIA DISC óskaðist m.a. skráð fyrir tiltekna vörur er tengdust margmiðlun í flokki 9. Það væri mat ELS að orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC væri bæði almennt fyrir þær vörur sem skráningunni væri hafnað fyrir í flokki 9 og jafnframt til þess fallið að vera lýsandi fyrir sömu vörur í flokki 9. Því væri einkaréttur eins aðila á orðasambandinu UNIVERSAL MEDIA DISC til þess fallinn að takmarka rétt annarra framleiðenda á að lýsa sams konar vörum. Það gæti t.d. verið nauðsynlegt og mikill kostur fyrir aðra framleiðendur sambærilegra vara að lýsa framleiðslu sinni þannig að fram kæmi að um sé að ræða margmiðlunardiska sem hægt væri að spila hvar sem er í heiminum. ELS lagði áherslu á að það væri heildarmynd vörumerkisins UNIVERSAL MEDIA DISC sem væri að mati stofnunarinnar óskráningarhæf. Það væri þýðing orðasambandsins í heild sinni sem væri til þess fallin að gefa til kynna að um væri að ræða einhvers konar margmiðlunardisk sem hægt væri að spila hvar sem er í heiminum. Þá sagði í greinargerð ELS:

Áfrýjandi telur jafnframt að Einkaleyfastofan telji orðið UNIVERSAL ekki óskráningarhæft, og vísar í því sambandi til vörumerkjaskráningar UNIVERSAL STUDIOS ENTERTAINMENT, nr. 329/1996. Það má benda á í því sambandi að framangreint vörumerki er ekki til þess fallið að vera lýsandi fyrir þær vörur sem merkið er skráð fyrir í flokki 9, að mati Einkaleyfastofunnar. Þegar heildarmynd vörumerkisins UNIVERSAL MEDIA DISC er hins vegar skoðuð verður að telja að orðasambandið feli í sér lýsingu á þeim vörum, og verði að teljast almennt fyrir þær vörur, sem alþjóðlegu skráningunni var hafnað fyrir í flokki 9.

Áfrýjandi krefst þess til vara að ofangreind umsókn verði skráð með þeirri takmörkun að orðin MEDIA DISC verði undanskilin vörumerkjavernd, sbr. ákvæði 15. gr. vörumerkjalaga, einkum 2. mgr. Í ákvæðinu kemur fram að undanskilja megi berum orðum vernd á einstökum hlutum merkis ef ástæða er til að ætla að skráning merkis geti valdið vafa um það hve víðtækur vörumerkjaréttur er. Að mati Einkaleyfastofunnar er ekki unnt að fallast á skráningu ofangreinds vörumerkis með takmörkun á orðunum MEDIA DISC, þar sem orðasambandið UNIVERSAL MEDIA DISC í heild sinni er almennt og lýsandi í tengslum við umfjöllun á þeim vörum sem alþjóðlegu skráningunni var hafnað fyrir í flokki 9.

Vegna mikillar fjölgunar mála fyrir nefndinni dróst að taka málið til úrskurðar.

Nefndin tók málið til úrskurðar á fundi sínum þann 26. júní 2007.

Rán Tryggvadóttir

Sigurður R. Arnalds

Steingrímur Gautur Kristjánsson

Rétt endurrit staðfestir:

Fylgiskjal 1: vörulisti vegna alþjóðlegrar skráningar nr. 822 451

Flokkur 9: Ear plugs for swimming; ear plugs for sleeping; ear plugs for soundproofing; electric arc welding machines; electric welding apparatus; ozonisers; electrolyzers; egg-candlers; cash registers; coin counting or sorting machines; photocopying machines; manually operated computing apparatus; times recorders; punched card office machines; voting machines; billing machines; postage stamp checking apparatus; vending machines; coin-operated gates for car parks or parking lots; life nets; lifebelts; lifejackets; life-buoys; fire extinguishing apparatus; fire hydrants; fire hose nozzles; sprinkler systems for fire protection; fire alarms; gas alarms; anti-theft warning apparatus; protective helmets; railway signals; vehicle breakdown warning triangles; luminous or mechanical road signs; divers' apparatus; arcade video game machines for use with television receivers only; electric door openers; simulators for the steering and control of vehicles; sports training simulators; constant temperature incubators included in this class; constant humidity incubators included in this class; glassware for scientific experiments in laboratories; porcelainware for scientific experiments in laboratories; furnaces for scientific experiments in laboratories; scientific models and specimens; tilting heads (for cameras); cameras; range finders (for cameras); photo-developing, printing, enlarging or finishing machines and apparatus; tripods (for cameras); shutters (photography); bellows (for cameras); spools (photography), slide projectors; self-timers (for cameras); photographic flash units (for cameras); flash lamps (for cameras); viewfinders (for cameras); filters (photography); lens hoods (for cameras); flash guns (for cameras); film magazines (for cameras); shutter releases (photography); lenses (for photographic apparatus); exposure meters; movie projectors; transparencies for overhead projectors; movie films developing or finishing machines and apparatus; cinematographic cameras; projection screens for movie films; editing machines (for movie films); sound recording apparatus and instruments (cinematographic apparatus); body-tubes for telescopes (lens-barrels); tripods (for telescopes); periscopes; binoculars; reflectors (for telescopes); prisms (for telescopes); telescopes; lenses (for telescopes); magnifying glasses; body-tubes for microscopes; metallurgical microscopes; biological microscopes; reflectors (for microscopes); prisms (for microscopes); polarizing microscopes; stereoscopes; lenses (for microscopes); temperature indicators; gasometers; thermometers; water meters; scales; tape measures; Japanese style box-shaped volume measure (masu); planimeters; measuring rules; pressure gauges (manometers); level indicators (spirit levels); acoustic meters; tachometers; accelerometers; refractometers; luminous flux meters; actinometers; altimeters; hygrometers; illuminometers; vibration meters; noisemeters; logs (measuring machines); speed indicators; calorimeters; viscosimeters; densitometers; gravimeters; densimeters; dynamometers; flowmeters; angle gauges; angle dividing machines; spherometers; inclinometers; interferometers; straightness testing machines and instruments; profile projectors; graduation checkers (calibration checkers); length measuring gauges; screw-thread measuring machines and instruments; comparators; surface roughness testing machines and instruments; flatness testing machines and instruments; automatic pressure control machines and instruments; automatic liquid-flow control machines and instruments; automatic fluid-composition control machines and instruments; automatic liquid-level control machines and instruments; automatic temperature control machines and instruments; automatic combustion control machines and instruments; automatic vacuum control machines and instruments; automatic calorie control machines and instruments; program control machines and instruments; metal compression testing machines; metal hardness testing machines; metal strength testing machines; rubber testing machines; concrete testing machines; cement testing machines; textile testing machines; plastic testing machines; lumber testing machines; alidades; meteorological machines and apparatus; base plates (for surveying purposes); distance measuring machines or apparatus (range finders); clinometers; tripods (for surveying machines); magnetic compasses (for surveying); surveying compass needles; gyrocompasses; magnetic gyrocompasses; photogrammetric machines; level measuring machines (for surveying); precision theodolites; rod-floats (for measuring velocity of water current); surveying chains; targets (for leveling rods); transits (for surveying); rods (surveying instruments); sextants; astronomical spectrographs; zenith telescopes; thermosensitive temperature indicator strips; test pieces for rust formation testing; electric switches; electric relays; circuit breakers; power controllers; current rectifiers; electric connectors; electric circuit closers; electric capacitors; electric resistors; local switches; branch boxes (electricity); distribution boards (electricity); fuses; lightning arresters; electric transformers; induction voltage regulators; electric reactors; rotary converters; phase modifiers; dry cells; wet cells; accumulators (batteries); photovoltaic cells; phase indicators; oscillographs; circuit testers; antenna parameter measuring apparatus; detectors; ground detectors (electric leakage detectors); magnetometers; frequency meters; vacuum tube characteristic testers; watt hour meters; resistance measuring instruments; voltmeters; wavemeters; ammeters; wattmeters; oscillators; capacity measures; rubber covered wires; special covered wires; bare wires; plastic covered wires; coils; terminal boxes; junction boxes; junction sleeves (for electric cables); telecommunication cables; power cables; fiber optic cables; electric flat irons; electric hair-curlers; electric buzzers; digital still cameras; CD players; DVD players; broadcasting satellite receiving tuners; intercoms; automatic switching apparatus (for telecommunication); manual switching apparatus (for telecommunication); telephone sets; teletypewriters; automatic telegraph apparatus; phototelegraphy apparatus; manual telegraph apparatus; relay exchange machines; facsimile machines; audio frequency transmission machines and apparatus; cable transmission machines and apparatus; power-line transmission machines and apparatus; open-wire transmission machines and apparatus; transmission and repeating machines and apparatus; television apparatus; television transmitters; radio receivers; radio transmitters; portable radio communication machines and apparatus; aeronautical radio communication machines and apparatus; multi-channel radio communication machines and apparatus for fixed stations; single-channel radio communication machines and apparatus for fixed stations;

vehicular radio communication machines and apparatus; marine radio communication machines and apparatus; navigation apparatus for vehicles (on-board computers); radio beacon machines and apparatus; radio direction finders; radar machines and apparatus; loran navigation machines and apparatus; remote control telemetering machines and instruments; public-address systems and apparatus; compact disc players; juke boxes; tape recorders; electrical phonomotors (electric phonographs); record players; sound recording machines and apparatus (audio-frequency apparatus); videocameras (camcorders); videodisc players; videotape recorders; antennas (aerials); coils, electric; magnetic tape erasers; magnetic tape cleaners; magnetic head erasers; magnetic head cleaners (apparatus); loudspeakers; connectors (for telecommunication apparatus); dials (of telecommunication apparatus); electric capacitors (for telecommunication apparatus); fuses (for telecommunication apparatus); electric resistors (for telecommunication apparatus); blank magnetic tapes for tape recorders; change-over switches (for telecommunication apparatus); plugboards; pickups (for telecommunication apparatus); blank video tapes; indicator lights (for telecommunications apparatus)

; electric phonographs; headphones; electrical transformers (for telecommunication apparatus); protectors (for telecommunication apparatus); microphones; cleaning apparatus for phonographs records; blank record disks; magnetic cores; resistance wires; electrodes; fire boats; artificial satellites; motor fire engines; cigar lighters for automobiles; gloves for protection against accidents; dust masks; gas masks; welding masks; fireproof garments; goggles for sports; contact lenses; sunglasses; swimming face masks; swimming goggles; pince-nez; ordinary spectacles; dust protective goggles and masks; containers for contact lenses; spectacle temples; pince-nez mountings; pince-nez chains; pince-nez cords; spectacle cases; spectacle glasses; spectacle frames; electronic circuits; CD-ROMs recorded programs for hand-held games with liquid crystal displays; data media in the form of discs containing computer software for arcade video game machines; data media in the form of discs containing computer software for consumer video game machines; weight belts (for scuba diving); wetsuits (for scuba diving); inflatable swimming floats; protective helmets for sports; air tanks (for scuba diving); swimming flutter boards; regulators (for scuba diving); sound recorded magnetic cards, sheets and tapes; compact discs (audio); CD-ROMs containing automatic performance programs for electronic musical instruments; slide-rules; recorded DVD-ROM; recorded video discs; electronic publications in the form of discs; scuba snorkels.

Flokkur 28: Wax for skis; amusement machines and apparatus for use in amusement parks (other than arcade video game machines); toys for domestic pets; pocket-sized electronic games; hand-held games with liquid crystal displays (including exclusive earphones connected and used for hand-held games with liquid crystal displays and other accessories); toy clocks and watches; roller toys; clockwork toys (of metal); electrically-driven toys; flywheel-driven toys; toy brooches; toy whistles; lever action toys; toys made out of wooden boards or planks; wooden toys shaped by jigsaws; hollow toy-models of plywood or veneer; wooden toys shaped by turning lathes; paper balloons (play articles); stuffed toys; one-piece celluloid toys; clockwork toys (of metal); hollow celluloid toys; plastic toys formed by blow molding; hollow rubber toys formed by molding process; rubber balls; inflatable thin rubber toys; hollow rubber toys formed by bonding; solid rubber toys formed by moulding process; musical boxes (play articles); toy glockenspiels; toy harmonicas; toy pianos; toy xylophones; toy construction sets; toy sets of carpenters' tools; housekeeping-play sets; toy pistols; toy masks; toy fireworks; toy Christmas trees; hand-held games with liquid crystal displays; toy scooters; jigsaw puzzles; four-wheeled go-carts; kites; clay (play articles); rocking horses; inflatable swimming pools (play articles); quoits; clothes for European dolls; traditionally dressed western dolls; toy figures for decoration; go stones; stone-pieces pots for go game (goko pots); go boards; Japanese chess (shogi games); wooden pieces for shogi game (koma); stands for shogi pieces (koma-dai); shogi boards; dice; cups for dice; diamond games; chess games; checkers (games); conjuring apparatus; dominoes; playing cards; mah-jong game tile; horizontal pinball machines (korinto-game machines); smartball machines (Japanese horizontal pinball machines); lottery wheels; billiard cues; chalk for billiard cues; billiard balls; billiard markers; billiard tables; baseball gloves; baseballs (not soft); softballs; rubber baseballs; batting gloves; backstops (baseball nets); baseball bats; baseball bat cases; baseball bases; catchers' masks; baseball mitts; chest protectors (for baseball); shoulder pads (for ball games); shin pads and guards (for ball games); tubes for ball games; nets for ball games; knee pads guards (sports articles); balls for games; discuses (for field sports); throwing circles; starting blocks (for track sports); crossbars (for field sport); hurdles (for track sports); relay batons; hammers (for field sports); shots (for field sports); vaulting poles; javelins (for field sports); tennis balls (not soft); badminton shuttlecocks; soft tennis balls; nets (for tennis or badminton); rackets (for tennis or badminton); guts for rackets (for tennis or badminton); racket cases (for tennis or badminton); table tennis tables; nets (for table tennis); table tennis balls; table tennis paddles; table tennis paddle cases; hockey sticks; shin pads (for hockey); gloves (for hockey); hockey pucks; hockey balls; chest protectors (for hockey); golf bags; golf clubs; golf ball markers; golf tees; golf gloves; golf balls; putting practice mats (golf implement); bowling gloves; bowling bags; bowling balls; seal skins (for covering skis); skis; ski edges; ski cases; ski bindings; scrapers (for skis); ski poles; ice skate blades; ice skates; roller skates; boxing gloves; sand bags (for boxing practice); punching balls (for boxing practice); fist bandages (for boxing); mouthpieces (for boxing); bowstrings; gauntlets (gloves for archery); archery targets; arrows (for archery); archery quivers; bows for Japanese archery (yumi bows); archery bows; sabres (fencing weapon); épée (fencing weapons); gauntlets (for fencing); foils (fencing weapon); fencing masks; pommel horses (for gymnastics); springboards (for gymnastics); rings (for gymnastics); horizontal bars (for gymnastics); boxes (for gymnastics); take-off boards (for gymnastics); balance beams (for gymnastics); parallel bars (for g

ymnastics); ribbons (for rhythmic sportive gymnastics); clubs (for rhythmic sportive gymnastics); ropes (for rhythmic sportive gymnastics); balls (for rhythmic sportive gymnastics); hoops (for rhythmic sportive gymnastics); dumb-bells (for weight lifting); weight lifting belts (sports articles); dumb-bell shafts (for weight

lifting); bar-bells (for weight (lifting); swim fins; spear guns; sailboards for boardsailing; stationery exercise bicycles and rollers; chest expanders (exercisers); curling implements; gateball implements; surf boards; bags especially designed for surfboards; sport supporters (for wrists, knees); see-saws; waterskis; squash implements; skateboards; starting pistols; snowboards; slides; skipping ropes; twirling batons; paragliders; hang gliders; swings; sports whistles; bob-sleighs; rocking horses; line markers (for sports fields); lacrosse implements; rosin used by athletes; fishing floats; fishing sinkers; landing nets (for anglers); fishing gaffs; fishing lines; fishing rods; fishing rod cases; fish hooks; fishing creels; fishing reels; lures for fishing; insect nets (butterfly nets); insect collector's boxes; vasculums (vacula), gaming equipment, namely slot machines.